

21 SALAN

Skipholti 21 — Sími 12915

Höfum ávallt fyrirbyggjandi mikið úrval nýrra og notaðra varahluta.

VÉLAR
GÍRKASSA
HÁsingar
STURTUR
VANTSKASSA
DÝNAMÓA
STARTARA
BRETTI
HURÐIR
STÝRISVÉLAR
MISTÖÐVAR
O. M. FL.

21 SALAN

Skipholti 21 — Sími 12915

Bifreiðaleigan

B Í L L I N N

sími 18833

Höfðatúni 2.


ZEPHYR 4

CONSUL „315“


VOLKSWAGEN

LANDROVER

B Í L L I N N



Lykillinn að auknum viðskiptum er góð auglýsing í blaði, sem allir lesa ...



HÆTTULEG GATNAMÓT.

Á skömmum tíma hafa orðið tvö alvarleg slys á mótum Bústaðavegar og Réttarholtsvegar, og má sannarlega ætla, að þar sé ekki öll sagan sögð ennþá, ef ekki verður bráður bugur undinn að úrbótum.

Réttarholtsvegurinn hefur aðalbrautarréttindi gagnvart öllum götum, sem að honum liggja frá Hafn arfjarðarvegi að Grensásvegi. Mótin við Réttarholtsveg koma næst, og því hefur mörgum bifreiðarstjóranum orðið á að álíta, að þar giltu aðalbrautarréttindin sömuleiðis, en svo er ekki.

Er ráðstöfun sú furðuleg, og óskiljanleg, og ber umferðaryfirvöldunum tafarlaust að bæta úr þessu. Slíkur ruglingur hlýtur aðeins að vera til skaða, — og er engum til gagns.

NYBORG AÐ FLYTJA.

Og þá mun líða að því, að Nýborg gamla missi sína frægð, er augu forráðamanna Afengiseinkasölnunnar hafa opnast fyrir því, að ekki sé skammlaust að reka áfengissölu í húshjallinum. Eru uppi háværar raddir um nauðsyn þess að flytja iðnaðardeildina í hentugra og viðkunnanlegra húsnæði. Mun það og gert með tiliti til umferðatruflunarinnar á Skúlagötunni, og var ekki vanþörf á endurskoðun í þeim efnum, og mættu fleiri aðilar, sem nú teppa umferðina þar svo meinlega fara að hugsa til hreyfings.

Flutningur Nýborgar er enn á byrjunarstigi, og ekkert um það vitað, hvert flutt verður; né heldur hvort starfsemin haldi þar áfram í einhverri mynd.

HVAR STARFA ÞEIR?

Dagblaðið Mynd hafði miklum fjölda blaðamanna á að skipa, eða átta talsins með ritstjórum. Að því er við bezt vitum mun aðeins helmingur þeirra hafa haldið blaðamennskunni áfram. Þeir Björn Jóhannsson og Björn Thors fóru til Morgunblaðsins, Sigurður Hreiðar og Kristján Magnússon, ljósmyndari starfa við Víkuna, en hinir hafa snúið sér að öðrum verkefnum.

Okkur er ókunnugt um starfa Högna Torfasonar og Auðuns Guðmundssonar, en Oddur Björnsson mun stunda kennslu og Sigurjón Jóhannesson starfa við hagskýrsluvélar.

BREYTINGAR Í IÐNÓ.

Starfsemi Leikfélags Reykjavíkur hefur dregið á langinn sökum gagngerðra breytinga, er gerðar hafa verið á áhorfendasal Iðnó gömlu. Hefur verið myndaður halli í áhorfendasal niðri, þannig að sjá má sviðið samilega jafnvel af öftustu bekkjum, en á því var mikill misbrestur. Sömuleiðis hafa svalirnar verið lengdar fram, og rúmast helmingi fleiri fyrir þar en áður var.

Fyrsta verkefni Leikfélagsins í ár er leikrit Jökuls Jakobssonar, er nefnist HART Í BAK.

LÉTT DAGSKRÁ.

Það hefur vakið furðu útvarpshlustenda, hve gamalmennasjónarmiðin eru lifseig í útvarpsdagskránni, á sama tíma og forkólfar Ríkisútvarpsins fjasa af fjálg

leik um stofnun sjónvarps hérlandis. Þeir hafa þó sannarlega ekki sýnt sig verðuga þess að vera trúað fyrir slíkri stofnun, og væru betur komnir með sinn áhuga á öðrum sviðum.

Það á fyrst og fremst að vera hlutverk útvarpsins að skemmta hlustendum. Sé virkilega svo, að einhverjum þyki gaman að dagskrá útvarpsins eins og hún er nú samansett, ber því skylda til að hafa eitthvað á boðstólum fyrir hina, sem alls ekki vilja þetta strembna efni. Það stæði miklu nær útvarpinu að hefja starfsemi léttrar dagskrár jafnhliða hinni, sem maður gæti hlýtt á, þegar hin gengur alveg fram af manni. Það er ekki sæmami Ríkisútvarpinu að neyða meginþorra hlustenda til að hlusta svo til eingöngu á hermannaútvarpið frá Keflavíkurflugvelli.

SJÁLFTÆÐISHÚSIÐ AÐ OPNA.

Að því er bezt er vitað mun þess ekki langt að biða, að Sjálfstæðishúsið hefji starfsemi sína að nýju, en þar hafa farið fram gagngerar endurbætur á salarkynnum.

Um langt skeið var Sjálfstæðishúsið einn vinsasti skemmtistaður borgarbúa. Var þar efnt til vinsælla revíusýninga, og mikið um félagaskemmtanir, enda veitingar jafnan hinar beztu.

Er yngri húsin risu upp hvert af öðru með glæstum söllum og vinstúkum, þar sem menn gátu rabbað saman í næði, dró talsvert úr aðsókninni að Sjálfstæðishúsinu, og var því þá lokað meðan breytingarnar fóru fram.

Er þess beðið með talsverðri eftirvæntingu, hvað þarna hafi verið gert, og hafa ýmsar sögur gengið um það manna á meðal. Rætt er um vistlegan og skemmtilegan bar, gjörbreytingu á danssal o. m. fl. En sjón verður sögu ríkari, og það er ekki að efa, að húsið nái aftur sinni fornu frægð.

GÖTUVITAR Á LÖNGUHLÍÐ.

Það hefur dregið alltof lengi að koma upp götuvatnum á gatnamótum Lönguhlíðar og Miklubrautar. Kostnaðurinn getur ekki verið það mikill, að það borgi sig ekki að vinna bráðan bug að þessu áður en þarna verða fleiri árekstrar og jafnvel stórslys.

SÝNINGAR.

Listunnendur hafa haft nóg að gera undanfarnar vikur. Hver listsýningin hefur rekið aðra. Þessa dagana eru fjórar sýningar opnar.

Sýningu Ester Ásgerðar Búadóttur að Karfavogi 22 lýkur á mánudaginn. Er sýningin opin daglega kl. 14—22.

Haye W. Hansen sýnir á Mokka, en sá staður er opin til kl. hálf-tólf.

Hafsteinn Austmann sýnir í Kastalagerði 7 í Kópavogi. Sýningu hans lýkur á morgun (laugardag) og er opin kl. 14—22.

Loks sýnir Magnús Á. Arnason í Bogasalnum, en sýningu hans lýkur á sunnudag. Sýningin er opin kl. 14—22.

Kaupslutíðindi

eru nauðsynleg öllum framkvæmdamönnum.

Lau birta alla dóma bæjarþings Reykjavíkur. — Ennemur veðsetningar og afsöl fasteigna, jafnóðum og eru þinglesin.

SKRIFTARSÍMI 37889